Nemandi notaði gervigreind. Hvað nú?

Guðrún Dröfn Whitehead, dósent í safnafræði, Háskóli Íslands

Gervigreind er til daglegrar umræðu í háskólaumhverfinu í dag, hvernig megi nýta tæknina til rannsókna, kennsluþróun, hvað ber að forðast og hvaða starfsreglur muni styðja jákvæða og gagnrýna kennsluhætti til framtíðar. Á meðan kennarar og nemendur aðlagast þessum öru tækiþróunum eru brýnar umræður sem þurfa að eiga sér stað, ekki síst hvaða úrlausnir séu fyrir hendi miðað við þær forsendur sem liggja fyrir *núna*. Í þessum fyrirlestri er spurt hvað sé til ráða þegar nemendur nota gervigreind gagnrýnislaust í verkavinnu. Fyrst er raundæmi úr kennslu í safnafræði við Háskóla Íslands lýst, þ.e., áskoranir tengdar óheimilli notkun gervigreindar. Því er lýst hvernig unnið var úr því máli, forsendur úrlausnarinnar ræddar og hvernig nemendur svöruðu ásökunum um notkun gervigreindar og afleiðingum þess. Í lokin eru tilvikin greind, kostir og gallar úrlausnarinnar rædd og sett í samhengi við þann stuðning sem háskólinn gat boðið kennaranum í þessu máli.

Tæknin er enn í þróun, sömuleiðis lausnir við áskorunum tengdri óleyfilegri notkun hennar, nemendur nýta sér gervigreind til að vinna verkefni fyrir sig þrátt fyrir umtal kennara. Markmiðið er því að hugleiða sameiginlega mögulegar úrlausnir sem geta styrkt stöðu kennara og nemenda, hugleiða hvaða lausnir reynast vel, og hverjar ekki, hvað þurfi til að styðja kennara betur þegar mál sem þessi koma upp og fleira. Markmiðið er að vera með hagnýta og raunsæjar umræður um viðvarandi vandamál á tímum mikillar tækniþróunar sem munu hafa áhrif á háskólakennslu til frambúðar.